



Fundargerð. Stjórnarfundur nr. 79.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í síma föstudaginn 1. júlí kl 11:00. Á fundinum voru Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Jón Sigurðsson og Gunnar Svavarsson frá Eflu.

Dagskrá

1. Ákvörðun um samning við verktaka vegna urðunnarhólfs
2. Önnur mál.

1. Ákvörðun um samning við verktaka vegna urðunnarhólfs.


Gunnar Svavarsson gerði grein fyrir að búið væri að fara yfir tilboðið frá Ístaki. Fyrir liggur minnisblað dagsett 16. júní 2016 um þessa yfirferð og svör sem Efla hefur fengið frá Ístaki. Ekkert í því minnisblaði eða yfirferð Eflu gefur tilefni til að hafna tilboði Ístaks. Einnig hafa Gunnar og Magnús átt fund með forsvarsmönnum Ístaks og farið yfir nokkur atriði. Um þann fund var gert minnisblað dagsett 29 júní. Samkvæmt 5. lið þess minnisblaðs skilaði svo lögfræðistofan LOGOS minnisblaði dagsettu 22. Janúar 2016 sem þeir höfðu gert fyrir Ístak Ísland ehf um að þeim væri heimilt að byggja á reynslu Ístaks við mat á hæfni til verksins. Niðurstaðan er að þeim er það heimilt.


Ekkert hefur því komið fram sem gefur tilefni til að lægst bjóðandi í verkið Ístak Ísland ehf., geti ekki staðið við tilboðið. Stjón samþykktir að taka tilboði Ístaks Íslands ehf og felur stjórnarformanni að undirrita verksamning og þau göng sem þarf vegna samningsins. Verktími verður lengdur sem nemur þeim tölum sem orðið hafa á að ganga frá undirritun.


2. Önnur mál

Enginn

Fundi slitið kl. 11:45


Magnús B. Jónsson


Einar E. Einarsson


Jón Sigurðsson